



FRAMKVÆMDASAMNINGUR VEGNA ÍSLANDSMÓT Í GOLFI 2015

Hér með gera Akraneskaupstaður, kt. 410169-4449, annars vegar og Golfklúbburinn Leynir (hér eftir nefnd GL), kt. 580169-6869, hins vegar með sér eftirfarandi samning:

1. gr.

Með samning þessum vill Akraneskaupstaður styðja við undirbúning fyrir Íslandsmót í Golfi sem fram fer á Garðavelli dagana 23. júlí til 26. júlí 2015.

Íslandsmót í Golfi er ár hvert stærsti viðburður á meðal bestu kylfinga landsins og mikið lagt upp úr umgjörð mótsins á allan máta.

2. gr

Þau verkefni sem samningur þessi tekur til eru m.a. eftirfarandi:

- a) Endurbætur göngustíga.
- b) Endurbætur teiga fyrir kylfinga.
- c) Endurbætur mannvirkja.
- d) Þurrkun vallarsvæðis.
- e) Uppsetning á búnaði og bætt aðstaða.

3. gr

Akraneskaupstaður samþykkir með samningi þessum að greiða Golfklúbbum Leyni samtals 2.0 mkr. til að undirbúa og framkvæma verkefni samkvæmt 2. grein.

Greiðsla skal fara fram samkvæmt sendum reikningi 1. júlí 2015, eftir að verkefnið hefur verið tekið út af starfsmönnum Akraneskaupstaðar.

4. gr

GL skal gera Akraneskaupstað grein fyrir framvindu og árangri af framkvæmdasamning þessum að loknu Íslandsmóti í Golfi.

5. gr

Samningur þessi er undirritaður í tveimur eintökum, eitt fyrir hvorn aðila. Mál sem kunna að rísa út af samningi þessum skulu rekin fyrir héraðsdómi Vesturlands.

Akranesi, 15. mars 2015

F.h. Akraneskaupstaðar

F.h. Golfklúbbsins Leynis

Regína Ásvaldsdóttir

Guðmundur Sigvaldason